

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 8/97  
frá 10. mars 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 94/72/EB frá 19. desember 1994 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini<sup>(2)</sup> og tilskipun ráðsins 96/47/EB frá 23. júlí 1996 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini<sup>(3)</sup> skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- 394 L 0072: Tilskipun ráðsins 94/72/EB frá 19. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 86),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 86.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 1.

- 396 L 0047: Tilskipun ráðsins 96/47/EB frá 23. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 1).”.

2. Í stað aðlögunarliða a) og b) í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka komi eftirfarandi:

- „a) EFTA-ríkin skulu taka upp innlend ökuskríteini í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Þeim er heimilt gefa út ökuskríteini í samræmi við aðra fyrirmynd en bandalags-fyrirmyndina í I. viðauka eða I. viðauka a við tilskipunina til 31. desember 1997;
- b) frá 1. janúar 1998 skulu EFTA-ríkin gefa út ökuskríteini í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka a og aðlaga sem hér segir:
  - i) í 2. lið í I. viðauka a komi eftirfarandi í stað upphafsmálsliðar c-liðar varðandi framhlið skírteinisins:

„einkennisstafir EFTA-ríkisins sem gefur skírteinið út innan í sporöskjulaga hringnum sem um getur í 37. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968 (á sama bakgrunni og ökuskríteinið); einkennisstafirnir eru eftirfarandi:”;
  - ii) í 2. lið í I. viðauka a bætist eftirfarandi við c-lið varðandi framhlið skírteinisins:

„IS: Ísland

FL: Liechtenstein

N: Noregur”;
  - iii) í 2. lið í I. viðauka a komi „EES-fyrirmynd” í stað orðanna „fyrirmynd Evrópubandalaganna” í e-lið varðandi framhlið skírteinisins”;
  - iv) í 2. lið í I. viðauka a bætist eftirfarandi við e-lið varðandi framhlið skírteinisins:

„Ökuskríteini”

„Fører kort/Førarkort”;
  - v) í 2. lið í I. viðauka a gildir f-liður ekki um framhlið skírteinisins;
  - vi) í 2. lið í I. viðauka a bætast orðin „eða íslenskur eða norskur” við í b-lið varðandi bakhlið skírteinisins á eftir orðinu „sænskur”.
- c) í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„ Á ökuskríteinum EFTA-ríkjanna skulu vera einkennisstafir ríkisins sem gefur skírteinið út. Einkennisstafirnir eru: IS (Ísland), FL (Liechtenstein), N (Noregur).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/72/EB og tilskipunar ráðsins 96/47/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner